

Hugmyndir um hvernig hægt er að bæta námsárangur nemenda - byggir á því hvernig heilinn vinnur best (brain-based learning).

- **Auðugt umhverfi:** Fjölbreytt umhverfi örvar heilann og heilinn vinnur ómeðvitað úr upplýsingum í nánasta umhverfi. Gott er að nota litrík veggspjöld, myndir og ápreifanlega hluti til auðga námsumhverfið.
- **Útskýra heildarmyndina:** Heilinn leitar eftir mynstri og vinnur betur úr upplýsingum ef hann skilur heildarmyndina. Þegar við erum að leggja púsluspil þá byrjum við á því að skoða myndina á kassalokinu. Án heildarmyndarinnar verður viðfangsefnið erfiðara. Því er því best að byrja kennslustund á því að útskýra heildarmyndina, gefa yfirsýn því það auðveldar skilning á námsefninu.
- **Sýna fram á tengsl:** Heilinn safnar upplýsingum og leitar stöðugt að mynstri til að átta sig á merkingu. Gott er að hjálpa nemendum að flokka upplýsingar, tengja þær við þekkingu sem fyrir er og uppgötva tengsl til að auðvelda yfirfærslu náms.
- **Tilfinningar festa nám í minni:** Tilfinningar losa um boðefni í heila sem senda skilaboðin „þetta er mikilvægt, festu það í minni“. Heilinn leggur meiri áherslu á tilfinningar (tilfallandi minni) en upplýsingar og staðreyndir (merkingarminni). Ef nám er skemmtilegt, félagslegt, öruggt, einstaklingsbundið, spennandi og hvetjandi notum við tilfinningar til að örva nám og minni.
- **Þjálfun á mismunandi hátt:** Þjálfun og endurtekningar auka afkastagetu heilans. Samt sem áður verður utanbókarnám og stöðugar endurtekningar fljótt leiðinlegar. Það er árangursríkara að gefa nemendum tækifæri á stöðugri þjálfun út frá fjölgreindakenningu Gardners eða öllum skynfærum (sjón, heyrn, snerting og hreyfing) til að dýpka skilning.
- **Tími fyrir íhugun og hvíld:** Nemendur þurfa tíma til að íhuga upplýsingar og tengja við persónulega reynslu. Persónulegar tengingar auka mikilvægi og gefa heilanum merki um að geyma upplýsingarnar. Dagbókarskrif, umræður, úrdrættir, hlé og allt sem eykur orku nemenda geta verið hluti af náminu til að hjálpa nemendum að skilja það sem þeir eru að læra.
- **Sköpunargáfa:** Þegar sköpunargáfu er bætt við kennslustund þá er námið fært upp á nýtt skilningsstig. Þegar nemendur eru beðnir að yfirfæra það sem þeir hafa lært yfir á nýjan vettvang þá er hægt að gera það m.a. með hugstormun og lausnarleitarnámi.

Elín Vilhelmsdóttir sneri yfir á íslensku

The tips above are based on ideas offered in the PLS course *Brain-Based Ways We Think and Learn*®. This course is offered face-to-face. Visit our Web site at <http://www.plsweb.com> for more information about this course and for a listing of current course offerings in your area.
